

Norræn raðbók handa læknanemum í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum

■■■ Þóra Steingrímsdóttir

Samtök félaga fæðinga- og kvensjúkdómalækna á Norðurlöndum, NFOG (Nordic Federation of Societies of Obstetrics and Gynecology) gefur út raðbók fyrir læknanema í greininni. Bókin er á ensku, með opnum, ókeypis aðgangi.

Kaflarnir eru 60 talsins, ríkulega búnir skýringamyndum, og margir innihalda stutt myndbönd af ýmsu tagi. Hverjum kafla fylgja margar krossaspurningar með útskýringum við rétt og röng svör. Krossaspurningarnar hafa ýmsir samið, meðal annarra íslenskir læknanemar. Höfundar megintextans eru um 170 talsins, langflestir eru meðlimir NFOG, einnig höfundar myndefnis. Stefnt hefur verið að því að 3-5 höfundar skrifi hvern kafla og að þeir séu af að minnsta kosti þrennu þjóðerni.

Útgáfuár telst vera 2020 en kaflarnir eru í stöðugri endurskoðun og unnið er einnig að því að endurnýja í höfundahópnum og yngja þar upp, sem og að endurnýja í ritstjórninni smám saman.

Helsta áskorun ritstjórnar hefur verið að hemja innihald bókarinnar á þekkingarstigi læknanema; tilhneiging sérfróðra höfunda hefur oft verið að fara óþarflega djúpt í efnið. Bókin er ætluð læknanemum en sérnámslæknar í byrjun sérnáms geta haft gott gagn af henni og einnig sérnámslæknar í öðrum greinum, til dæmis heimilislækningum.

En sjón er sögu ríkari, hér er slóð á bókina og QR kóði, skoðið að vild og hlaðið niður í tölvu og eða símann ykkar.



Myndin er tekin á fundi ritstjórnar 11. október 2024 í Reykjavík. Frá vinstri: Alexander Smásson, prófessor á Akureyri og forseti NFOG, sem var gestur ritstjórnar, þá Niels Ulbjerg prófessor í Árósum, aðalritstjóri, Jone Trovik, prófessor í Bergen, Rebekka Oxenvad Svarrer fæðinga- og kvensjúkdómalæknir í Horsens á Jótlandi, ritstjórnarfulltrúi, Oskari Heikinheimo, prófessor í Helsinki, Kristina Gemzell Danielsson, prófessor í Stokkhólmi og Þóra Steingrímsdóttir, prófessor emeritus, Háskóla Íslands. Þessi ritstjórn hefur starfað frá upphafi, 2017, og var Ulla Breth Knudsen, prófessor í Árósum með fyrstu fimm árin. Mynd/aðsend

QR kóðinn að bókinni sem gerir einfalt að hlaða henni niður í símann:



hyperlink á bókina: NFOG Textbook



Logo bókarinnar og NFOG

Árshátíð LÍ 2025!

laugardaginn 25. janúar í Gullhömrum

Takið kvöldið frá!

Nýtt mælaborð sóttvarnalæknis

■ ■ ■ Rósa Steinunn Solveigar Sturludóttir



Anna Margrét Guðmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnsviði embættis landlæknis

Í ljósi þess hve tíðni kynsjúkdóma hefur aukist hér á landi er ekki úr vegi að benda á gagnvirk mælaborð sóttvarnalæknis þar sem hægt er að sjá tölulegar upplýsingar á nýgengi greininga á Íslandi.

Mælaborð smitsjúkdóma, þar sem fjórir helstu kynsjúkdómarnir sjást, er uppfært árlega. Nýja mælaborðið er lekandi og klamydíá, en það uppfærir ársfjórðungslega, því eru tölur fyrir 2024 komnar inn. Upplýsingarnar eru byggðar á smitsjúkdómaskrá frá rannsóknarstofum. Á mælaborðinu má sjá að árið 2023 er mikil aukning á lekandagreiningum. Einnig má sjá að sárásótt hefur verið í vexti en að sögn Önnu Margrétar Guðmundsdóttur, yfirlæknis á sóttvarnsviði Embættis landlæknis, greindust færri með sárásótt fyrstu sex mánuði í ár, en fyrstu sex mánuði ársins 2023. Þó að mælaborðið sýni einungis tölur frá 2010 er vitað að annað eins hefur ekki sést síðan á síðustu öld. Ætla má að árið í ár verði með svipuðum hætti hvað varðar lekandasmít.


Hvað er til ráða við þessari aukningu á tíðni smita á Íslandi? „Það er ekki vitað með vissu hvað veldur þessari aukningu kynsjúkdóma á Íslandi á síðustu árum en sama þróun hefur sést í öðrum Evrópulöndum. Líklega eru fleiri en ein skýring á þessari aukningu en eitt af því sem nefnt hefur verið er minnkuð notkun smokka. Einn liður í aðgerðum til að draga úr kynsjúkdómum er að upplýsa og fræða, meðal annars um smokkinn, en rannsóknir hafa sýnt að rétt notkun smokka við kynlíf dregur verulega úr smiti kynsjúkdóma.“ Segir Anna Margrét.

Flestir vita að besta vörnin gegn kynsjúkdómum er smokkurinn og kannski er ráð að við hér á landi færum í átak líkt og ráðist var í fyrir um 35 árum síðan þegar Landlæknisembættið fór í herferð með áherslu á vitundarvakningu almennings um notkun smokksins. Þá var alheimsfaraldur HIV í algleymingi og lífsspursmál að fræða fólk um smitleiðir og forvarnir. Fólk sem var áberandi á fjöllum leikhúsa, tónlistarfólk, fjölmiðlafólk, talsmenn mismunandi hópa unga fólksins svo eitthvað sé nefnt var fengið til að sitja fyrir á mynd með smokk. Sú herferð vakti almenna lukku og fékk mikla athygli. Afrit af einu þessara veggspjalda má sjá hér til hliðar og mynd af nýju mælaborði Sóttvarnalæknis hér fyrir neðan. Sem liður í aðgerðum til að draga úr kynsjúkdómum og minna á mikilvægi smokksins tók sóttvarnalæknir nýlega þátt í samstarfi við félagið Ástræð, kynfræðslufélag læknanema við Háskóla Íslands. Samstarfið felst í forvörnum kynsjúkdóma með birtingu myndbanda á samfélagsmiðlum (TikTok, Instagram og facebook reels) sem miðl-



Smokkaveggspjald: herferð Landlæknisembættis árið 1987, vakti almenna lukku og fékk mikla athygli.

að var til ungs fólks. Verkefnið var styrkt af Embætti landlæknis. Myndböndin hafa fengið tæp 43 þúsund áhorf. Þau verða áfram inni á Instagramsíðu Ástræðs og verða auglýst aftur af og til.



Hér má sjá skjáskot af nýja mælaborðinu.